

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 27. júní 1995

um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla

(95/232/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 69/208/EBE voru ekki sett nein sérstök skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þyrftu að uppfylla. Enn fremur, að því er varðar efni sem ekki er opinberlega birt í sameiginlegri skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði, þ.m.t. samsett afbrigði, eru í fyrnefndri tilskipun hvorki sett sérstök skilyrði né veitt heimild til vottunar og markaðssetningar slíks efnis.

Á grundvelli þess sem þegar er vitað hefur því verið haldið fram að setja beri skilyrði sem frá blendinga af repju og akurfrækáli þurfa að uppfylla.

Með svipuðum hætti hefur því verið haldið fram að nú skuli vottun og markaðssetning fræs af samsettum afbrigðum heimiluð og þar af leiðandi skuli einnig sett sérstök skilyrði um frá slíkra samsettra afbrigða.

Ekki er hægt að staðfesta þessar staðhæfingar á vettvangi bandalagsins enn sem komið er á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Því ber að skipuleggja tímabundna tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að setja skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla.

Skilyrðin fyrir þessari tilraun ber að skilgreina með þeim hætti að unnt sé að safna sem mestum upplýsingum á vettvangi bandalagsins, þannig að hægt sé að draga ályktanir með tilliti til hugsanlegra síðari breytinga á ákvæðum bandalagsins.

Að því er tekur til þessarar tilraunar ber að leysa aðildarríkin undan tilteknum skuldbindingum sem mælt er fyrir um í tilskipun 69/208/EBE.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um frá og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMBÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Skipuleggja skal tímabundna tilraun á vettvangi bandalagsins, með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í viðaukanum, í þeim tilgangi að setja skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju (*Brassica napus* L.) og akurfrækáls (*Brassica rapa* L. var. *silvestris* (Lam.) Briggs) þurfa að uppfylla fyrir vottun og markaðssetningu samkvæmt tilskipun 69/208/EBE.

2. Öll aðildarríkin geta tekið þátt í tilrauninni.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „samsett afbrigði“: samsetning af vottuðu frá tiltekins blendingsafbrigðis með karlófrjósemi, sem er leyft opinberlega samkvæmt tilskipun 70/457/EBE ⁽²⁾, og vottuðu frá eins eða fleiri tiltekinna frjóberaafrígða, leyft með sama hætti og vélblandað í hlutföllum sem einstaklingar, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi „frjóberaháða blendingsins“ og „frjóberans/frjóberanna“, ákveða í sameiningu eftir að samsetningin hefur verið tilkynnt vottunaraðilanum,

— „frjóberaháður blendingur“: karlófrjóí þátturinn í „samsettu afbrigði“,

— „frjóberi/frjóberar“: sá þáttur í „samsettu afbrigði“ sem dreifir frjókornum.

3. gr.

Heimilt er að markaðssetja í bandalaginu frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls, að því tilskildu að skilyrðum og kröfum viðaukans sé fullnægt.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

4. gr.

1. Þau aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni eru hér með leyst undan beitingu ákvæða tilskipunar 69/208/EBE varðandi fyrri ræktun, ósvikni afbrigðis, afbrigðahreinkleika, einangrun við ræktun, fjölda akurskoðana og merkingu, sbr. þó 3. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Að því er varðar fræ samsettra afbrigða repju og akurfrækáls eru aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni einnig leyst undan beitingu ákvæða c-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 69/208/EBE, að því leyti sem þau varða þá kröfu að fræ skuli vera af afbrigði sem er í sameiginlegri skrá yfir stofna nytjajurta eða innlendri skrá yfir afbrigði og stofna, og undan beitingu ákvæða 8. gr. tilskipunar 69/208/EBE, að því leyti sem þau varða einsleitni vörueninga.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvort þau vilja taka þátt í tilrauninni.

2. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin, fyrir lok hvers árs, skýrslu um árangur og niðurstöður úr tilrauninni.

3. Tilrauninni skal ljúka 31. desember 1997.

4. Heimilt er að endurskoða viðaukann meðan á tilrauninni stendur, með tilliti til þeirra upplýsinga sem safnað hefur verið, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. tilskipunar 69/208/EBE.

5. Aðildarríkin geta tekið ákvörðun um að hætta þátttöku í tilrauninni fyrir 31. desember 1997 telji þau að framkvæmd hennar kunní að hafa óheppileg áhrif á gæði fræsins. Þau skulu þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni það.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

SKILYRÐI OG KRÓFUR

1. Skilyrði sem ræktun verður að uppfylla:

- a) ræktað skal í jarðvegi þar sem liðið hafa fimm ár frá því að plöntur af *cruciferae* voru síðast ræktaðar;
- b) sé notaður karlófrjór þáttur til fræræktunar skal karlófrjósemin vera að minnsta kosti 98%. Karlófrjósemissstigið skal meta með því að kanna hvort frjóa fræfla vantar á blóm;
- c) fjarlægð frá nálægum frjókornagjöfum, sem gætu orsakað óæskilega utanaðkomandi frævun, skal vera að minnsta kosti 500 m við ræktun stofnfræs og að minnsta kosti 300 m við ræktun vottaðs fræs. Ekki þarf að virða fjarlægðarmörkin ef nægileg vernd er gegn óæskilegri utanaðkomandi frævun;
- d) akurskoðanir skulu vera að minnsta kosti þrjár. Fyrsta skoðun skal vera fyrir blómgunarstigið, önnur skoðun snemma á blómgunarstiginu og þriðja skoðun í lok blómgunarstigsins.

2. Skilyrði sem fræ verður að uppfylla:

- a) fræið skal vera ósvikið og hreint miðað við þá afbrigðaeiginleika sem þættir þess hafa til að bera, þ.m.t. endurvakning karlófrjósemi eða, eftir atvikum, frjósemi;
- b) lágmarksafbrigðahreininleiki skal samræmast eftirfarandi stöðlum:

Frætegund	Lágmarksafbrigðahreininleiki (%)
aa) Blendingar, ræktaðir með því að nota sjálfsósamrýmanleika	
Stofnfræ, skyldleikaræktuð lína	98,0
Stofnfræ, einblendingur	95,0
Vottað fræ	90,0
bb) Blendingar, ræktaðir með því að nota karlófrjósemi	
Stofnfræ, kvenþáttur	99,0
Stofnfræ, karlþáttur	99,9
Vottað fræ	90,0

Lágmarksafbrigðahreininleiki skal einkum kannaður í akurskoðunum sem fara fram í samræmi við 1. lið.

3. Fræ er því aðeins viðurkennt sem vottað fræ að tekið sé fullt tillit til niðurstaðna úr opinberum eftirkönnunarprófunum á opinberum sýnum stofnfræs, teknum úr sáðreitum á vaxtarskeiði fræsins sem afhent er til vottunar sem vottað fræ, til að ganga úr skugga um að stofnsáðkornið uppfylli þær kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, um að stofnfræið sé ósvikið og hreint með tilliti til þáttaeinkenna, þ.m.t. karlófrjósemi.

Að því er varðar stofnfræ af blendingum er heimilt að meta afbrigðahreininleika með viðeigandi lífefnafræðilegum aðferðum í stað eftirkönnunarprófana. Heimilt er að setja skilyrði fyrir framkvæmd slíkra prófana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. tilskipunar 69/208/EBE.

4. Að því er varðar vottað fræ samsettra afbrigða skal fræ af „frjóberaháðum blendingi“ og af „frjóbera/frjóberum“, vélblandað í hlutföllum sem einstaklingar, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi þessara þátta, ákveða í sameiningu. Fræ úr kven- og karlþáttum skulu meðhöndluð með mismunandi litri fræmeðhöndlun.

5. Fylgjast skal með stöðlum um lágmarksafbrigðahreininleika, sem mælt er fyrir um í töflunni í 2. lið að því er varðar vottað fræ af blendingum, með opinberum eftirkönnunarprófunum á sýnum sem tekin eru opinberlega.

Að því er varðar vottað fræ af blendingum er heimilt að meta afbrigðahreininleika með viðeigandi lífefnafræðilegum aðferðum í stað eftirkönnunarprófana á sáðreitum. Heimilt er að setja skilyrði fyrir framkvæmd slíkra prófana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. tilskipunar 69/208/EBE.

6. Eftirfarandi kröfur skulu gilda um merkimiðann:

- a) ákvæðin um merkimiða í IV. viðauka við tilskipun 69/208/EBE skulu gilda um stofnfræ og vottað fræ af blendingum;

- b) að því er varðar stofnfræ af blendingum eða skyldleikaræktuðum línunum

— þegar blendingurinn eða skyldleikaræktaða línun, sem stofnfræið tilheyrir, hefur verið viðurkennt opinberlega samkvæmt tilskipun 70/457/EBE, heiti þess þáttar, sem það er opinberlega viðurkennt með, með eða án vísunar til endanlegs afbrigðis, ásamt orðinu „þáttur“ þegar um er að ræða blendinga eða skyldleikaræktaðar línur sem þátt í endanlegu afbrigði,

— í öðrum tilvikum, heiti þáttarins sem stofnfræið tilheyrir, sem getur verið í formi kóða, ásamt tilvísun til endanlegs afbrigðis, með eða án vísunar til hlutverks (karllegs eða kvenlegs), ásamt orðinu „þáttur“;

- c) að því er varðar vottað fræ, sem á að blanda í samræmi við 4. lið, skulu ákvæðin um merkimiða í IV. viðauka við tilskipun 69/208/EBE gilda um vottað fræ af hverjum stofnþætti. Að auki skal tilgreina hlutverk þess (kvenlegt eða karllegt), ásamt orðinu „þáttur“ og heiti endanlegrar samsetningar afbrigðis;

- d) að því er varðar vottað fræ af samsettu afbrigði skulu ákvæðin um merkimiða í IV. viðauka við tilskipun 69/208/EBE gilda, þó skal tilgreina heiti samsetta afbrigðisins í stað afbrigðaheitis (upplýsingarnar „samsett afbrigði“ og heiti þess) og hundradshluta miðað við fjölda einstakra þátta í hverju afbrigði. Nægilegt er að tilgreina heiti samsetta afbrigðisins ef búið er að tilkynna kaupandanum skriflega, samkvæmt beiðni, um hundradshluta miðað við fjölda og skrá opinberlega.

Merkimiðinn skal vera blár með grænu skástriki;

- e) á merkimiðann skal setja númer þessarar ákvörðunar á eftir orðunum „EB-reglur og -staðlar“;

- f) ef aðildarríki tekur þátt í tilrauninni skulu sýni, sem það aðildarríki afhendir til samanburðarprófana bandalagsins, vera úr vörueiningum fræs sem eru viðurkenndar opinberlega í kjölfar þessarar tilraunar.